

## *Félagsmálaráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**  
Sendandi: **Skrifstofa barna- og fjölskyldumála**  
Dagsetning: **08.03.2022**  
Málsnúmer: **FRN21060139**  
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með alþjóðlega vernd, innflytjendaráð)

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti hefur kynnt sér umsagnir til velferðarnefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendaráð), (þskj. 380, 271. mál).

Ráðuneytið bendir á að við vinnslu málsins hefur verið lögð áhersla á að skýrt sé til hvaða hópa samræmd móttaka nær. Það er í samræmi við sjónarmið sem meðal annars komu fram í nefndarálit meiri hluta velferðarnefndar þegar málið var til meðferðar á 151. lögþ. (þskj. 1313, 452. mál) en skilgreining einstaklinga með vernd í a-lið 2. gr. frumvarpsins er í samræmi við breytingartillögu sem fylgdi nefndarálitinu. Ráðuneytið vekur því athygli á ábendingum sem koma fram í umsögn Útlendingastofnunar um frumvarpið. Eins og þar kemur fram kann að vera skýrara að tilgreina betur í texta frumvarpsins til hvaða hópa því er ætlað að taka. Að mati ráðuneytisins væri því til bóta að skýrt væri í b-lið a-liðar 2. gr. frumvarpsins að þar sé átt við einstaklinga sem hafa fengið alþjóðlega vernd vegna fjölskyldutengsla við flóttamann eða ríkisfangslausan einstakling skv. 45. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Þá væri til bóta að skýrt væri í e-lið a-liðar 2. gr. frumvarpsins að þar væri átt við ríkisfangslausa einstaklinga skv. 39. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Af hálfu ráðuneytisins er þó lögð áhersla á það sem kemur fram í athugasemdum Útlendingastofnunar að þau atvik hafa ekki komið upp þar sem reynt hefur á framangreind atriði.